



Atvinnuleysi mest á Íslandi af Norðurlöndunum

Í gegnum árin hefur atvinnuleysi verið einna lægst á Íslandi meðal Norðurlandanna. Fyrir 1990 einkenndist Ísland reyndar af mjög mikilli verðbólgu og litlu atvinnuleysi. Atvinnuleysi hér á landi jókst verulega á árinu 2020 og mun meira en í nágrannalöndunum. Nú er svo komið að atvinnuleysið hér er það mesta á Norðurlöndunum í fyrsta skipti, sé miðað við síðustu áratugi, og væntanlega í fyrsta skiptið í sögunni.


Mestar sveiflur hér

Sé litið á þróun atvinnuleysis á Norðurlöndunum frá aldamótum má sjá að sveiflurnar á síðustu árum eru mestar hér á landi og miklar breytingar gerast mun hraðar en í hinum löndunum. Það á sérstaklega við um fjármálakreppuna og Covid-faraldurinn sem hófst á síðasta ári. Fram til 2008 var atvinnuleysið að jafnaði minnst hér á landi og í fjármálakreppunni var einungis Noregur með minna atvinnuleysi en við. Staðan í Finnlandi versnaði verulega eftir 1990 og þar var atvinnuleysi að jafnaði yfir 10% fram að aldamótum. Staðan var heldur ekki góð í Svíþjóð á tíunda áratug síðustu aldar, en batnaði mun fyrr en í Finnlandi.

Þrjú tímabil


Sé tímabilinu frá 1991 skipt upp í þrjú hluta má sjá töluverða sérstöðu Íslands og Noregs með mun minna atvinnuleysi allan tímann. Það kemur líka í ljós að staðan hér á landi var einungis sú besta á milli 1991 og 2000, atvinnuleysi var meira hér en í Noregi síðustu tvö tímabilin. Á fyrsta tímabilinu var atvinnuleysi hér að jafnaði 3,7% á meðan það var 4,6% í Noregi. Seinni tímabilin voru tölurnar ívið lægri hjá Norðmönnum en hjá okkur, en fyrir utan stöðuna í Danmörku 2001-2010 er sérstaða Íslands og Noregs mikil. Sé litið á allt tímabilið frá 1991 var meðalatvinnuleysi hér á landi 4,2% á meðan það var 3,9% í Noregi. Á þessu tímabili var meðalatvinnuleysið 9,5% í Finnlandi, 5,9% í Danmörku og 7,3% í Svíþjóð.

Atvinnuleysi frá 2020



Heimild: Vinnumálastofnun

Atvinnuleysi í upphafi hvers árs



Heimild: Macrobond



Mestar breytingar hér á landi árið 2020

Sé litið á stöðu atvinnuleysis innan Norðurlandanna frá upphafi ársins 2017 má sjá að hún var nokkuð stöðug fram til 2020. Einu undantekningarnar voru lækkun atvinnuleysis í Finnlandi fyrstu tvö árin og aukning hér á landi sem hófst í upphafi ársins 2019.

Vorið 2020 jókst atvinnuleysi í öllum löndunum. Tímabundið var aukningin mest á Íslandi og í Noregi þar sem hlutabætur komu meira til sögunnar en í hinum löndunum, en tölurnar sýna atvinnuleysi með hlutabótum.


Sé hins vegar litið á stöðuna í lok ársins, þegar hlutabæturnar voru farnar að skipta mun minna máli, má sjá að þróunin hér á landi er mjög frábrugðin hinum löndunum. Hér hefur atvinnuleysi haldið áfram að aukast og var komið yfir 10% í lok ársins. Frá miðju síðasta ári hefur atvinnuleysi verið óbreytt í Finnlandi en minnkað í Svíþjóð, Danmörku og Noregi.

Sé reynt að einangra sveiflur og setja tölurnar fram sem 12 mánaða hlaupandi meðaltal sést sérstaða Íslands mjög vel. Sé litið á meðalatvinnuleysi síðustu 12 mánaða hefur það alls staðar aukist, en langmest hér á landi, auk þess sem aukningin hófst fyrr hér en í hinum löndunum.

Einhæft atvinnulíf skýrir þróunina að mestu


Meginskýringin á sérstakri þróun hér á landi er stórt hlutverk ferðaþjónustunnar í atvinnulífi og atvinnusköpun. Segja má að ferðaþjónustan og tengdar greinar hafi átt stærstan þátt í því að draga úr atvinnuleysinu sem varð til hér eftir fjármálakreppuna. Sá árangur hvarf eins og döggr fyrir sólu á tiltölulega stuttum tíma eftir að ferðaþjónustan tók að lenda í skakkaföllum. Á hinum Norðurlöndunum er mun meiri fjölbreytni í atvinnulífinu þannig að stór áföll í einstökum greinum hafa ekki jafn mikil áhrif og getur gerst hér á landi. Í fjármálakreppunni vorum við búin að koma upp fjármálakerfi sem var allt of stórt miðað við hagkerfið sjálft. Á síðustu árum hefur ferðaþjónustan orðið mikilvægasta útflutningsgrein okkar. Áföll þessara greina hafa því haft mun meiri áhrif hér á landi en í nágrannalöndunum.

Meðalatvinnuleysi á þremur tímabilum




Heimild: Macrobond, Hagfræðideild Landsbankans

Atvinnuleysi á Norðurlöndunum



Heimild: Macrobond, Hagfræðideild Landsbankans

Meðalatvinnuleysi síðustu 12 mánaða



Heimild: Macrobond, Hagfræðideild Landsbankans



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.